

# Háskólinn á Bifröst

---

Ársreikningur

---

**2012**

Háskólinn á Bifröst  
Bifröst  
311 Borgarnes  
kt. 550269-0239

---

# Háskólinn á Bifröst

---

Ársreikningur

---

**2012**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-15

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Háskólans á Bifröst.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Háskólans á Bifröst fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 15. apríl 2013

Deloitte ehf.



Birkir Leósson

endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Háskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur og lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Megintilgangur háskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með því að veita framúrskarandi háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, laga og félagsvísinda. Bifröst er samkvæmt nýrri stefnuýfirlýsingu sem samþykkt var á árinu 2012, háskóli sem menntar samfélagslega ábyrga leiðtoga. Þau hugmyndafræðilegu og siðferðilegu grunngildi sem endurspeglar allt starf innan skólans styðja við þetta meginmarkmið en þau eru samvinna, frumkvæði og ábyrgð.

Háskólinn á Bifröst starfa á grundvelli skipulagsskrár frá 7. maí 2012. Borgarbyggð, Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Hollvínasamtök Háskólans á Bifröst skipa fulltrúaráð og stjórn háskólans.

Tap Háskólans á Bifröst á árinu 2012 nam kr 22.932.506. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir háskólans kr. 503.111.563, bókfært eigið fé í árslok er kr. 71.896.106 og er eiginfjárlutfall 14,29%. Samkvæmt skipulagsskrá skal öllum hagnaði af rekstri skólans varið til eflingar á starfsemi hans.


Á árinu 2012 var stofnfé háskólans aukið um kr. 10.414.053. Auk þess hefur Borgarbyggð skuldbundið sig, að leggja til háskólans nýtt stofnfé að fjárhæð kr. 20.000.000 sem greiðist með jöfnum greiðslum á árinum 2013 og 2014.

Í byrjun árs 2013 sagði Bryndís Hlöðversdóttir starfi sínu lausu sem rektor og hefur stjórnin ráðið Dr. Vilhjálm Egilsson sem rektor og mun hann taka við starfinu um mitt ár 2013.

Að áliti Háskólastjórnar og Rectors Háskólans á Bifröst koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu háskólans í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Háskólastjórn og Rektor Háskólans á Bifröst staðfesta hér með ársreikning háskólans fyrir árið 2012 með undirritun sinni.


Reykjavík, 15. apríl 2013

Háskólastjórn

  
Háskólastjórn  
Björn Björnsson  
Martín Ólafsson

Rektor

  
Bryndís Hlöðversdóttir



# Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Tekjur</b>			
Ríkisframlag .....		328.900.000	313.500.000
Skólagjöld .....		271.471.948	304.042.792
Rannsóknartekjur .....		29.804.100	34.600.410
Aðrar tekjur .....		83.292.221	84.981.023
<b>Tekjur samtals</b>		<u>713.468.269</u>	<u>737.124.225</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	(472.756.566)	(479.917.423)
Húsnæðiskostnaður .....		(54.851.517)	(58.994.493)
Rekstur tölvukerfa .....		(28.906.751)	(36.502.286)
Skrifstofu- og kennslukostnaður .....		(21.941.929)	(27.866.550)
Kynningarmál .....		(32.885.646)	(26.183.941)
Annar rekstrarkostnaður .....		(66.976.792)	(60.791.389)
<b>Gjöld samtals</b>		<u>(678.319.201)</u>	<u>(690.256.082)</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>		<u>35.149.068</u>	<u>46.868.143</u>
Afskriftir varanlegra rekstarfjármuna .....	8	(20.175.033)	(20.462.521)
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>		<u>14.974.035</u>	<u>26.405.622</u>
Fjármunatekjur .....	6	3.654.031	6.164.147
Fjármagnsgjöld .....	7	(41.560.572)	(49.711.819)
Hrein fjármagnsgjöld .....		(37.906.541)	(43.547.672)
<b>Tap ársins</b>		<u>(22.932.506)</u>	<u>(17.142.050)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	401.508.387	415.289.999
Fjárfestingarverðbréf .....	9	650.000	650.000
		<u>402.158.387</u>	<u>415.939.999</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	10	847.647	795.192
Viðskiptakröfur .....	11	79.084.353	68.142.003
Kröfur á tengd félög .....	11	15.233.175	13.123.620
Aðrar skammtímaskröfur .....	11	2.847.976	2.653.088
Handbært fé .....	11	2.940.026	15.277.750
		<u>100.953.177</u>	<u>99.991.653</u>
<b>Eignir</b>		<u>503.111.563</u>	<u>515.931.652</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	12	71.896.106	84.414.556
<b>Eigið fé</b>		<u>71.896.106</u>	<u>84.414.556</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímaskuldir .....	13	313.412.581	329.799.708
		<u>313.412.581</u>	<u>329.799.708</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	14	31.881.184	40.906.386
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	30.095.511	28.124.661
Skuldir við lánstofnanir .....	14	18.107.453	0
Skuld við tengd félög .....	14	12.428.873	11.142.446
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	25.289.855	21.543.895
		<u>117.802.876</u>	<u>101.717.388</u>
<b>Skuldir</b>		<u>431.215.457</u>	<u>431.517.096</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>503.111.563</u>	<u>515.931.652</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....		(22.932.506)	(17.142.050)
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi</b>			
Afskriftir .....	7	20.175.033	20.462.521
Verðbreytingar og gengismunur .....		15.334.177	12.521.443
Breyting skuldbindinga .....		0	(13.248.655)
Söluhagnaður varanlegra rekstarfjármuna .....		0	(890.000)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>12.576.704</b>	<b>1.703.259</b>
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(52.455)	3.041.849
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(11.137.238)	(9.287.485)
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		(1.899.066)	(76.044.629)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(512.055)</b>	<b>(80.587.004)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	(9.773.595)	(11.519.851)
		(9.773.595)	(11.519.851)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(29.750.455)	(34.871.656)
Innborgað stofnfé .....	12	10.414.056	35.015.023
Aukning í skuldum við lánastofnanir .....	14	18.107.453	0
Nýjar langtímaskuldir .....	14	0	90.000.000
Hækkun (lækkun) á stöðum við tengda aðila .....		(823.128)	11.783.050
		(2.052.074)	101.926.417
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(12.337.724)	9.819.562
Handbært fé í upphafi árs .....		15.277.750	5.458.190
Handbært fé í lok árs .....		2.940.026	15.277.750

## 1. Starfsemi

Háskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og samkvæmt lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Háskólinn á Bifröst er menntastofnun sem menntar nemendur í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi í viðskiptafræði, lögfræði, félags- og hagvísindum. Háskólinn rekur einnig frumgreinadeild á framhaldsskólastigi. Háskólinn á Bifröst vinnur að rannsóknar- og þróunarverkefnum í þeim háskólagreinum sem kenndar eru við skólann með áherslu á samstarf við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir hér á landi og erlendis.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Háskólans á Bifröst fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur Háskólans á Bifröst eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.



# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2012	2011	31.12.2012	31.12.2011
Evra (EUR) .....	161,18	161,87	170,27	159,28

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við lög um tekjuskatt. Fyrningargrunnur lausafjár telst stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum en fyrningargrunnur fasteigna og annarra eigna telst stofnverð þeirra. Afskriftir af eignum keyptum á árinu eru reiknaðar miðað við ársafskrift en ekki eru reiknaðar afskriftir af eignum seldum á árinu.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söliverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að fráðregnum áætluðum sölukostnaði.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 4. Þjónustusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Samkvæmt þjónustusamningi um kennslu og rannsóknir við Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna árána 2012-2016 ber skólanum að upplýsa um fjárreiður annarra verkefna en þeirra sem felast í framkvæmd þjónustusamningsins. Hér að neðan má sjá tekjur og gjöld þess reksturs sem stjórnendur telja að falli ekki undir framkvæmd þjónustusamningsins.

### Gisti- og veitingarstarfsemi

	2012	2011
Tekjur .....	55.433.536	48.541.665
Gjöld .....	45.445.123	54.013.323
	9.988.413	(5.471.658)

Innifalið í tekjum af gisti- og veitingarstarfsemi er millideildarsala 11,4 milljónir sem eytt hefur verið út úr heildartekjum háskólans.

### Símenntun

	2012	2011
Tekjur .....	20.054.636	30.226.342
Gjöld .....	16.931.838	17.904.841
	3.122.798	12.321.501

# Skýringar

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2012	2011
Laun .....	296.583.901	281.905.276
Verktakar .....	73.936.895	91.521.549
Lífeyrissjóður .....	27.466.714	26.779.097
Önnur launatengd gjöld .....	52.356.167	57.910.316
Annar starfsmannakostnaður .....	22.412.889	21.801.185
	<u>472.756.566</u>	<u>479.917.423</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	54	56

## 6. Fjármunatekjur

	2012	2011
Vaxtatekjur .....	3.654.031	6.164.147
	<u>3.654.031</u>	<u>6.164.147</u>

## 7. Fjármagnsgjöld

	2012	2011
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	(352.456)	(3.559.802)
Vaxtagjöld af langtímaskuldum .....	(12.838.818)	(11.331.358)
Verðbætur af langtímaskuldum .....	(22.405.732)	(15.634.916)
Gengistap .....	(2.495.359)	(1.190.085)
Dráttarvaxtagjöld .....	(161.260)	(10.037.190)
Önnur vaxtagjöld .....	(3.306.947)	(7.958.468)
	<u>(41.560.572)</u>	<u>(49.711.819)</u>

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Baðsvæði	Áhöld, tæki og hugbúnaður	Bækur á bókasafni	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	399.522.074	7.128.064	65.798.654	20.939.549	493.388.341
Eignfært á árinu .....	2.563.091	0	4.036.189	3.174.315	9.773.595
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(3.730.290)	0	(3.730.290)
Staða í árslok .....	402.085.165	7.128.064	66.104.553	24.113.864	499.431.646
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	33.828.651	3.404.090	37.102.312	3.763.289	78.098.342
Afskrift ársins .....	9.198.469	482.329	8.082.873	2.411.362	20.175.033
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(350.116)	0	(350.116)
Staða í árslok .....	43.027.120	3.886.419	44.835.069	6.174.651	97.923.259
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	365.693.423	3.723.974	28.696.342	17.176.260	415.289.999
Bókfært verð í árslok .....	359.058.045	3.241.645	21.269.484	17.939.213	401.508.387
Afskriftarhlutföll .....	1-20%	3-15%	15-20%	10%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	306.015.000	1.176.012.000
Vélar og tæki, eignatryggingar .....	0	451.028.000

Háskólinn hefur veðsett fasteignir, lóðir og tæki sem nýtt eru í atvinnurekstrinum til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Sjá skýringu 13 varðandi langtímaskuldir.

# Skýringar

## 9. Fjárfestingaverðbréf

	2012	2011
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	650.000	650.000
	<u>650.000</u>	<u>650.000</u>

### Eignarhlutar í öðrum félögum skiptist á eftirfarandi hátt:

	Nafnverð	Bókfært verð
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf. ....	250.000	250.000
Bifur ehf. ....	1.500.000	0
Vikrafell ehf. ....	40.000.000	0
Háskólasetur Vesfjarða .....	150.000	150.000
Námskjár ehf. ....	250.000	250.000
Kiðá ehf. ....	600.000	0
	<u>42.750.000</u>	<u>650.000</u>

Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er ekki færð upp í ársreikningi.

## 10. Vörubirgðir

	31.12.2012	31.12.2011
Birgðir Kaffihús .....	847.647	795.192
	<u>847.647</u>	<u>795.192</u>

## 11. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptakröfur .....	109.615.821	82.848.177
Varúðarniðurfærsla .....	(30.531.468)	(14.664.790)
	<u>79.084.353</u>	<u>68.142.003</u>

Félagið hefur veðsett allar almennar kröfur samkvæmt útgefnum reikningnum þ.á.m. kröfur vegna skólagjalda til tryggingar hluta lána félagsins. Sjá skýringu 13 varðandi langtímaskuldir.

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.337.432	1.096.582
Fyrirframgreidd laun .....	339.999	436.970
Greiðslukort .....	1.161.045	1.119.536
Aðrar kröfur .....	9.500	0
	<u>2.847.976</u>	<u>2.653.088</u>

### Kröfur á tengd félög

	31.12.2012	31.12.2011
Vikrafell ehf. ....	5.817.667	6.567.712
Selfell .....	9.415.508	6.555.908
	<u>15.233.175</u>	<u>13.123.620</u>

# Skýringar

## 11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2012	31.12.2011
Bankainnstæður .....	2.900.026	15.266.750
Sjóður .....	40.000	11.000
	<u>2.940.026</u>	<u>15.277.750</u>

## 12. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2012 .....	84.414.556
Nýtt stofnfé .....	10.414.056
Tap ársins .....	(22.932.506)
Eigið fé 31.12.2012 .....	<u>71.896.106</u>

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur skuldbundið sig, að leggja til Háskólans á Bifröst nýtt stofnfé samtals að fjárhæð kr. 20.000.000,- sem greiðist með jöfnum greiðslum á árunum 2013 og 2014. Stofnféð hefur ekki verið fært í ársreikninginn.

## 13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2012	31.12.2011
Skuldir í EUR .....	28.991.999	30.714.381
Skuldir í ISK .....	314.516.093	327.209.988
	343.508.092	357.924.369
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>(30.095.511)</u>	<u>(28.124.661)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>313.412.581</u>	<u>329.799.708</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2012	31.12.2011
Næsta árs afborganir .....	30.095.511	28.124.661
Afborganir 2014 / 2013 .....	30.095.511	28.124.661
Afborganir 2015 / 2014 .....	32.071.915	27.701.903
Afborganir 2016 / 2015 .....	25.425.939	29.825.491
Afborganir 2017 / 2016 .....	25.425.939	23.446.474
Afborganir síðar .....	<u>200.393.277</u>	<u>220.701.179</u>
	343.508.092	357.924.369

Upplýsingar um veðsetningar og tryggingar lána er að finna í skýringum 8 og 11. Bókfærð fjárhæð veðsettra skulda er 323,5 milljónir í lok árs.

# Skýringar

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptaskuldir .....	31.881.184	40.906.386
	<u>31.881.184</u>	<u>40.906.386</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Virðisaukaskattur .....	450.003	152.658
Ogreidd opinber gjöld .....	654.383	0
Ogreidd laun og launatengd gjöld .....	14.536.154	10.553.653
Ogreiddur kostnaður .....	341.869	5.000
Ogreiddir áfallnir vextir .....	4.745.361	5.584.506
Innkaupakort .....	202.116	753.907
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	855.000	855.000
Aðrar skuldir .....	3.504.971	3.639.171
	<u>25.289.857</u>	<u>21.543.895</u>

### Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2012	31.12.2011
Yfirdráttarlán .....	18.107.453	0
	<u>18.107.453</u>	<u>0</u>

### Skuldir við tengd félög

	31.12.2012	31.12.2011
Kiðá ehf. ....	12.428.873	11.142.446
	<u>12.428.873</u>	<u>11.142.446</u>

## 15. Rekstrarleigusamningar

Félagið hefur gert húsaleigusamning um leigu á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Húsaleigusamningurinn rennur út í maí 2014 og er hann ekki færður í efnahag. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar þegar þær falla til.

# Skýringar

## 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn auk æðstu stjórnenda háskólans eru skilgreindir sem tengdir aðilar ásamt tengdum félögum og félögum í eigu háskólans. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Nemendagarðar Samvinnuháskólans eru sjálfeignarstofnun sem rekin er af stjórnendum háskólans. Nemendagarðar eiga 60% eignarhlut í Selfelli ehf. á móti Kiðá ehf. sem á 40% eignarhlut.

Viðskipti við tengd félög árið 2012:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Kiðá ehf., 100% eignarhlutur .....	20.087.438	21.548.524	0	15.237.802
Vikrafell ehf., 100% eignarhlutur .....	3.824.409	3.068.364	5.817.667	0
Selfell ehf. ....	2.575.012	6.136.716	9.415.508	0
Nemendagarðar Samvinnuháskólans .....	0	0	0	0
	<u>26.486.859</u>	<u>30.753.604</u>	<u>15.233.175</u>	<u>15.237.802</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2011:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Kiðá ehf., 100% eignarhlutur .....	21.008.664	22.755.036	0	13.951.375
Vikrafell ehf., 100% eignarhlutur .....	3.375.694	7.585.008	6.555.908	0
Selfell ehf. ....	93.494	0	6.567.712	0
Nemendagarðar Samvinnuháskólans .....	2.141.067	6.952.924	0	0
	<u>26.618.919</u>	<u>37.292.968</u>	<u>13.123.620</u>	<u>13.951.375</u>

Kröfur á tengd félög eru sýndar með varúðarniðurfærslu sem gerð hefur verið á þær. Kröfur á Nemendagarða Samvinnuháskólans hafa verið færðar niður að fullu. Nafnverð krafna á tengd félög er um 77,6 milljónir króna, af þeirri niðurfærslu eru 39 milljónir vegna Nemendagarða Samvinnuháskólans.

## 15. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 15. apríl 2013.